

Sp.

388. Tillaga til þingsályktunar

[176. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lögð fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram athugunum á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skal, auk mats á hagsmunum ríkissjóðs og skattgreiðenda almennt, leitað álits samtaka sveitarfélaga og helztu samtaka vinnumarkaðarins. Leiði athuganir þessar og viðræður til jákvæðrar niðurstöðu og samkomulags um viðhlítandi kerfi, skal ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlega löggjöf í því sambandi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í stefnuyfirlýsingu forsætisráðherra á Alþingi 13. okt. 1965 var skýrt frá því, að ríkisstjórnin ætlaði að beita sér fyrir að lögfesta staðgreiðslu opinberra gjalda, og yrði að því stefnt, að það gæti orðið á árinu 1967.

Nokkur gagnasöfnun hafði þegar átt sér stað og lausleg athugun benti til þess, að þessi áætlun gæti staðizt. Var ríkisskattstjóra falinn undirbúningur málsins og kerfisbundin athugun hafin snemma árs 1966. Voru tveir menn ráðnir ríkisskattstjóra til aðstoðar. Mikilvægur þáttur undirbúnings var öflun og úrvinnsla gagna um staðgreiðslukerfi nágrannalandanna, og skilaði ríkisskattstjóri s. l. haust ítarlegri skýrslu um það efni ásamt greinargerð um helztu vandamálin, er við væri að fást hér á landi í sambandi við staðgreiðslu opinberra gjalda.

Eftir athugun umræddra greinargerða ríkisskattstjóra var skipuð nefnd fulltrúa frá ríki og sveitarfélögum til þess að kanna nánar hvort ekki væri hagkvæmt að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda hér á landi og þá hvaða kerfi. Var að því stefnt, að nefndin lyki störfum fyrir árslok, en skjótt kom í ljós, að málið var miklu flóknara en svo, að það væri auðið. Enda þótt nefndin og ríkisskattstjóri hafi unnið ótullega að verkefni sínu, þá lauk nefndin ekki athugunum sínum fyrr en um miðjan marz, og var þá skýrsla hennar afhent öllum alþingismönnum til athugunar.

Með skýrslunni er fengið mjög greinargott yfirlit um öll þau helztu atriði, er máli skipta í sambandi við staðgreiðslukerfið og aðstæður við að beita því hér á landi. Það er ljóst, að hvaða kerfi, sem valið verður, krefst viðtækra breytinga á gildandi lögum um hin ýmsu opinberu gjöld, er til greina kæmi að fella undir kerfið. Ríkisstjórnin telur sig ekki á þessu stigi málsins geta gert um það endanlega tillögu til Alþingis, hvort innleiða skuli staðgreiðslukerfi opinberra gjalda eða ekki, en telur þó fyrir sitt leyti rétt að halda áfram jákvæðri athugun málsins. Sýnist þá næsta stigið vera það að kynna málið nánar ýmsum þeim helztu aðilum, er það varðar, og síðan að undirbúa ákveðnar tillögur um lagabreytingar, ef þær viðræður leiða til niðurstöðu, er ríkisstjórnin telur viðhlítandi, en án viðtækra samstöðu er ekki framkvæmanlegt að gera jafn stórtækar breytingar á opinberum gjöldum og staðgreiðslukerfið krefst.

Þótt ekki sé hægt að ætlast til þess, að alþingismenn séu á þessu stigi tilbúnir að taka endanlega afstöðu til málsins, þá skýrir fram lögð greinargerð það vel meginatriði þess, að menn ættu að geta tjáð sig um það, hvort þeir telji hinar viðtæku breytingar það fráhrindandi, að þeir teldu ekki eiga að sinna málinu frekar, eða hvort þeir telja rétt að halda áfram jákvæðri athugun þess. Sé afstaðan neikvæð, er ástæðulaust að eyða fé og tíma í framhaldsathugun.